



Skýrsla um sjálfsmat 2022-2023

Innra mat í Menntaskólanum að Laugarvatni

Freyja Rós Haraldsdóttir

September 2023



„Vissulega var og er ætíð ýmislegt sem má læra af og gera betur. En látum þá vissu einmitt blása okkur baráttuanda í brjóst – ekki síst á þessari hátíðarstundu þegar við gerum hvort tveggja, lítum um öxl og fögnum öllu því fagra sem hefur einkennt Menntaskólann að Laugarvatni en horfum svo björtum augum fram á veg.“

Guðni Th. Jóhannesson, 12. apríl 2023, [ML í 70 ár | Forseti.is](#)



Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	2
2. Eftirfylgni við síðustu umbótaáætlun (v. 2021-2022).....	3
3. Þjónustukönnun – vor 2023.....	4
4. Áfangamat – haust 2022 og vor 2023.....	6
5. 3ja ára stúdentar og 5 ára stúdentar – vor 2023.....	7
5 ára stúdentar	8
3ja ára stúdentar.....	9
6. Stofnun ársins – haust 2022.....	10
7. Umbótaáætlun vegna innra mats 2022-2023.....	12

1. Inngangur

Sjálfsmatsnefnd annast innra mat skólans. Sjálfsmatsnefnd starfar samkvæmt reglugerð og vinnur eftir sjálfsmatsáætlun. Nefndin útfærir og leggur fyrir kannanir meðal nemenda, útskrifaðra stúdenta, foreldra og starfsfólks. Sjálfsmatsnefnd ML fundaði þrisvar sinnum veturinn 2022-2023; 15. nóvember, 28. mars og 2. maí. Þess á milli voru höfð samskipti í tölvupósti og á Teams. Í nefndinni sátu:

- Freyja Rós Haraldsdóttir, verkefnastjóri gæðamála/formaður
- Elín Jóna Traustadóttir, verkefnastjóri upplýsingatækni
- Margrét Elín Ólafsdóttir, fltr. kennara
- Óskar Snorri Óskarsson fltr. nemenda
- María Sif Rossel Indriðadóttir fltr. nemenda
- Ágúst Friðriksson, fltr. foreldra

Ívar Sæland, kennari, tók sæti í nefndinni í byrjun skólaárs en forfallaðist á miðjum vetri. Enginn var fenginn inn í staðinn og ákveðið að láta sex nefndarmenn duga. Sóst var eftir því við FOMEL (foreldrafélag ML) og Mími (nemendafélag ML) að ákveðin embætti ættu fast sæti í sjálfsmatsnefnd skólans; formaður FOMEL og formaður og varaformaður Mímis. Það einfaldar skipun nefndarinnar og veitir fólkinu sem hefur valist til að vinna að hagsmunum þessara hópa tækifæri til að hafa áhrif.

Í þessari skýrslu er greining á niðurstöðum og umræður um kannanirnar sem framkvæmdar voru á skólaárinu 2022-2023. **Könnun Rannsóknar og greiningar, Ungt fólk, var ekki framkvæmd.** Í okkar áætlunum treystum við á að fá gögn frá þeim, en fyrst það er ekki regla á þeirri framkvæmd þurfum við að skoða hvort við leggjum framhaldsskólupúlsinn fyrir árlega, frekar en að treysta á Rannsóknir og greiningu í okkar innra mati.

2022-2023	
Haust 2022	<p>Nemendur: Ungt fólk - rannsóknir og greining</p> <p>Nemendur: Áfangamat</p>
Vor 2023	<p>Nemendur og starfsfólk: Þjónusta (þ.á.m. bókasafn, mótuneyti, ræsting, þvottahús)</p> <p>Nemendur: Áfangamat</p> <p>Útskrifaðir nemendur: Könnun meðal 3ja ára stúdenta (2020)</p> <p>Útskrifaðir nemendur: Könnun meðal 5 ára stúdenta</p> <p>Starfsfólk: Stofnun ársins</p>

2. Eftirfylgni við síðustu umbótaáætlun (v. 2021-2022)

Síðasta vetur var unnið að því að fylgja settum markmiðum og aðgerðum umbótaætlunar eftir veturinn 2021-2022. Í töflunni hér fyrir neðan er samantekt á því hvernig til tókst að framkvæma þær aðgerðir veturinn 2022-2023. Öllu var lokið varðandi leiðsagnarnám, streitu, svefn og koffín og EKKO-kerfið (sjá nánari umfjöllun í [skýrslu um jafnréttisstarf ML](#)). Áfram verður unnið að heilsueflandi stefnu og mótuneytismálum, en það er útlistað í gildandi umbótaáætlun aftast í þessu skjali.

Úr fyrir áætlunum – fylgja áfram eftir	Ekki hafið Hafið Lokið	Athugasemdir (uppfært 12. sept '23)
Fræðslufyrirlestur um koffín	Hafið	Datt uppfyrir og látið niður falla.
Fróðleikur koffín á vegg	Lokið	Hengja hjá ölsölu.
Stefna sett í heilsueflingu	Ekki hafið	Færist á næstu áætlun.
Stefna sett fyrir mótuneyti	Hafið	Færist á næstu áætlun.
Kostum mótuneytis haldið á lofti	Hafið	Færist á næstu áætlun.
Gátlisti Hef fyrir mótuneyti fylltur út	Hafið	Færist á næstu áætlun.
Umbótaáætlun vor 2022		
Endurskoðun á EKKO-kerfi	Lokið	
Kynning á EKKO-kerfi	Lokið	Kynnt í umsjónartímum og með tölvupóstum til nemenda og foreldra. Umfjöllun á degi gegn einelti og á ýmsum fundum með starfsfólki. Sjá þjálfunarskrá í EKKO-handbók.
Rástefna Fmos um leiðsagnarmat	Lokið	Nokkrir kennarar mættu á fjarfundi og ein í stað.
Aukafjármagnsþrep vegna þróunar leiðsagnarmats	Lokið	Freyja Rós með verkefni um leiðsagnarmat.
Vinnufundur í ML um leiðsagnarmat	Lokið	Samræður á verkefnadegi 1. febrúar.
Umræður um streitu á skólafundi	Lokið	Umfjöllun á skólafundi haust 2022.
Fræðsla um mörk [streitu]	Lokið	Aldís Arna hjá Heilsuvernd, Streituskólinn, 15.03.23
Samantekt á yfirvinnu	Lokið	Kynnt á kennarafundi 29.11.22.
Seinkun skólabyrjunar	Lokið	Kennt eftir nýrri eyktarskipan haust 2022.
Árman svika	Lokið	Stjórn Mímis stýrði framkvæmd.
Fræðsla um svefn í lífsl.+umsjón	Lokið	Í samhæfðri fræðsluáætlun.

3. Þjónustukönnun – vor 2023

Könnun var gerð á afstöðu nemenda til þjónustu sem veitt er í skólanum. Könnunin var sett upp í Forms og hún lögð fyrir alla nemendur í umsjónartíma 21. mars. Ítrekun var send með tölvupósti og auglýst á skjá, síðustu svör bárust 24. mars. 96 nemendur svöruðu könnuninni, af 129 nemendum skólans, sem gerir 74% svarhlutfall. Spurt var um bókasafnið, mötuneytið, ræstingar, tölvuþjónustu og skrifstofu:

Þjónustukönnun 2023 - ML

Í þessari stuttu könnun eru nemendur beðnir um að taka afstöðu til þjónustu sem veitt er í skólanum. Spurt er um bókasafnið, mötuneytið, ræstingar, tölvuþjónustu og skrifstofu.

Við viljum hvetja þig eindregið til að svara. Niðurstöður verða nýttar við stefnumótun skólans og þín þátttaka er mikilvæg svo niðurstöður verði sem áreiðanlegastar.

Þér er frjálst að sleppa því að svara einstökum spurningum eða könnuninni í heild.

Farið verður með öll svör sem trúnaðarmál og ekki unnið með gögn á persónugreinanlegan hátt.

Umsjónaraðili könnunarinnar er Freyja Rós Haraldsdóttir, formaður sjálfsmatsnefndar ML (freyja@ml.is).

Ákveðið var að hafa könnunina mjög einfalda, eina spurning um hvert atriði, en leita í framhaldinu eftir nánari upplýsingum, t.d. með samtölum og umræðum, ef ástæða þætti til.

Dæmi:

1. Á heildina litið, hversu lítil eða mikil er ánægja þín með **bókasafn** ML?

1=Mjög mikil óánægja
10=Mjög mikil ánægja

<input type="text" value="1"/>	<input type="text" value="2"/>	<input type="text" value="3"/>	<input type="text" value="4"/>	<input type="text" value="5"/>	<input type="text" value="6"/>	<input type="text" value="7"/>	<input type="text" value="8"/>	<input type="text" value="9"/>	<input type="text" value="10"/>
--------------------------------	--------------------------------	--------------------------------	--------------------------------	--------------------------------	--------------------------------	--------------------------------	--------------------------------	--------------------------------	---------------------------------

Hæst var matið varðandi þvottahúsið, meðaleinkunn 9,43. Bókasafn, ræstingar og skrifstofa voru metin á milli 8-9. Mörg voru mjög ánægð með tölvuþjónusta, 7,34 var meðaleinkunnin, og sjálfsmatsnefnd sammála um að heildaránægja með hana væri mjög ásættanleg – eðli málsins samkvæmt koma upp ýmsar áskoranir í tæknimálunum. Lægst var matið þegar kom að mötuneytinu, 6,23. Þriðjungur gaf 5 stig eða lægra. Nokkur umræða átti sér stað um hvaða skýringar gætu legið þar að baki. Ein kenningin er sú að ávallt verði erfitt að geðjast öllum í þessum efnum, eins og þau þekkja sem rekið hafa heimili þar sem ólíkar skoðanir eru á því hvað á að vera í matinn. Í mötuneytinu þarf m.a. að taka tillit til fjölbreytni, umhverfis, heilbrigðis og hagkvæmni, svo það getur verið flókið. Meginvandinn liggur hugsanlega í viðhorfi og ímynd, en

ekki gæðum þjónustunnar sem slíkrar. Við viljum því auka samtal í kringum mötuneytið og markvissa stefnumótun. Mötuneytisfundir eru í skóladagatali tvisvar á ári. Í vetur verður unnið að því að setja mötuneytisstefnu, vinna í gátlista Heilsueflandi framhaldsskóla fyrir mataræði, kostum mötuneytisins verður haldið á lofti og umræður skipulagðar í umsjónartímum. Sjá nánar í umbótaáætluninni aftast í þessu skjali. Nýlunda á þessu skólaári eru ávextir í tíu-kaffinu á morgnana. Það var meðal þess sem skólameistari sagði frá í viðtali í *Bændablaðinu* (7. september 2023):

Menntaskólinn á Laugarvatni:

Jafnt kynjahlutfall nemenda

Alls hófu 128 nemendur nám í Menntaskólanum á Laugarvatni nýverið og dvelja allir á heimavist skólans. Starfsmenn eru 34.

Ekki var hægt að taka á móti öllum nemendum í vor sem sóttu um inngöngu í skólann. Af þessum 128 nemendum er 54 nýnemar.

Jafnt hlutfall kynjanna

„Kynjahlutfallið hefur undanfarin ár sigið í þá áttina að kvenkynsnemendur eru í töluverðum meirihluta. Það eru því ánægjulegar fréttir að nánast jafnt hlutfall er af stúlkum og piltum í nýnemahópnum okkar nú í haust.

Ég tek þó fram að ML gefur nemendum sínum rými til að skilgreina kyn sitt í fleiri flokka en kk og kvk en það er mikilvægt að nemendahópurinn sé fjölbreyttur og gott að hér sé jafnvægi á milli kynja.

Um leið og við gleðjumst yfir því að strákar séu nú 40% nemenda skólans þá reynum við að rýna í hvað það er sem veldur aukinni aðsókn þeirra,“ segir Jóna Katrín Hilmarsdóttir skólameistari.

Skólinn byrjar 8.30

Síðasta haust var sú breyting gerð á skólanum að skólabyrjun á morgnana var seinkað. „Já, í stað þess að hefja kennslu kl. 8.15 byrjum við nú 8.30.

Óformlegar kannanir meðal starfsfólks benda til þess að eftir þessa breytingu sé spennustigið lægra á morgnana á heimilum þar sem koma þarf börnum í skóla og



Jóna Katrín Hilmarsdóttir, skólameistari Menntaskólans á Laugarvatni.

Mynd / Aðsend

leikskóla og því er streitan minni. Nemendur ML hafa ekki hallmælt fyrirkomulaginu og ná vonandi betri svefni. Ekki er hægt að draga ályktanir um að námsárangur hafi batnað í kjölfarið fyrr en að lengri tíma liðnum. Við gerum ráð fyrir því að halda þessu skipulagi áfram,“ segir Jóna Katrín.

Ávaxtastund í vetur

Í skólanum er rekið mötuneyti þar sem nemendur fá morgunmat, hádegismat, síðdegissnarl og kvöldmat og lögð áhersla á að um næringarríkt fæði sé að ræða.

„Til þess að ýta undir að nemendur nærri sig fyrir hádegið verðum við með ávaxtastund í vetur en í frímínútum rétt fyrir kl. 10 á morgnana geta nemendur nálgast ávexti til að fleyta sér fram að hádegismat og vonandi nýtist það einhverjum.

Því það er ekki bara mikilvægt að nærast á morgnana heldur þarf næringin að vera holl,“ segir skólameistarinn að endingu. /MHH

4. Áfangamat – haust 2022 og vor 2023

Áfangamat var lagt fyrir í kringum miðannarmið, í umsjónartímum og svörun var góð. Taflan hér að neðan sýnir hvernig þróunin hefur verið síðustu annir.

Matsþáttur/spurning	H19	V20	H20	V21	H21	Vor 2022	Breyting á milli H21 OG V22	Haust 2022	Breyting á milli V22 og H22	Vor 2023	Breyting á milli H22 og V23
Gefðu áfanganum í heild sinni einkunn á skalanum 1-10	7,9	7,9	8,0	7,9	7,9	7,4	-0,5	7,4	0,0	7,5	+0,1
Gefðu kennslunni í áfanganum einkunn á skalanum 1-10	7,8	7,8	8,1	8,0	7,8	7,3	-0,5	7,4	+0,1	7,5	+0,1
Gefðu námsefninu í áfanganum einkunn á skalanum 1-10	7,6	7,6	7,9	7,7	7,6	7,2	-0,4	7,2	0,0	7,4	+0,2
Gefðu námsmatsaðferðum í áfanganum einkunn á skalanum 1-10 þar sem 1 er slæm aðferð en 10 góð aðferð	7,8	7,7	8,0	7,9	7,7	7,3	-0,4	7,3	0,0	7,4	+0,1
Hvernig meturðu vinnuálagið í áfanganum með einkunn á skalanum 1-10 þar sem 1 er lítið álag 10 mikið álag	6,1	5,9	5,5	5,7	5,9	6,2	-0,3	6,0	+0,2	5,8	+0,2
Leggðu mat á hvernig þér finnst þú standa þig í þessum áfanga á skalanum 1-10	7,8	7,8	7,8	7,8	7,8	7,4	-0,4	7,3	-0,1	7,4	+0,1

Niðurstöður áfangamats haust 2019-vor 2023

Í vor voru allar tölur upp á við í áfangamatinu. Ekki eru sett sérstök markmið eða aðgerðir í tengslum við nám og kennslu í umbótaáætlun þessu sinni. Áfram verður lögð áhersla á leiðsagnarnám og fjölbreytta kennsluhætti. Kennarar fá hvatningu og leiðsögn varðandi eigin kennslukannanir, þ.e. að efla samtal kennaranna sjálfra við sína nemendur, um nám og kennslu. Starfendarannsóknarfundir eru fastur liður í skólastarfinu og starfsþróun hefur eflst með tilkomu „aukafjármagnspreps“ í stofnanasamningi. [Í ársskýrslu skólans](#) er kafli um starfsþróun, með yfirliti yfir umfjöllunarefni funda, fræðsluviðburði, rannsóknarverkefni, símenntun og endurmenntun.

Eins og síðast var einungis ein opin spurning í áfangamatinu: „Vilt þú koma einhverju á framfæri varðandi áfangann?“. Þar hafa nemendur færi á að koma nafnlausum athugasemdum á framfæri. Kennarar sjá ekki svörin við þeim spurningum nema þeir óski sérstaklega eftir því. Áfangastjóri sendir bréf með brýningu um að vanda svör sín og ábendingum um aðrar leiðir til samskipta: „Sjónarmið nemenda skipta máli en það eru margar leiðir til að koma þeim áleiðis. Til dæmis með því að **ræða beint til viðkomandi kennara eða að leita til umsjónarkennara, námsráðgjafa, áfangastjóra eða jafnréttis- og skólaráðsfulltrúa.**“

5. 3ja ára stúdentar og 5 ára stúdentar – vor 2023


Fyrirlögn á árlegri könnun meðal útskrifaðra stúdenta frá ML fór þannig fram að gæðastjóri hafði samband á facebook við þau sem voru stallarar í útskriftarárgöngum 2020 (þriggja ára stúdentar) og 2018 (fimm ára stúdentar). Þau sem voru í þriggja ára kerfinu og útskrifuðust 2018 fengu ekki könnunina, þau svöruðu henni árið 2021. Fyrstu skilaboð voru send 16. maí, með hlekk á könnunina og beiðni um að deila með viðkomandi útskriftarhópi. Ítrekun var send 22. maí og 30. maí. Hér verða birt skífurit yfir niðurstöður varðandi heildaránægju og undirbúning fyrir nám að loknu stúdentsprófi. Valdar niðurstöður kannananna verða kynntar á kennarafundi í haust og á fyrsta fundi sjálfsmatsnefndar 3. október 2023.

Svörin við opnum spurningum voru lesin yfir af gæðastjóra, skólameistara og áfangastjóra í september 2023. Hér koma dæmi um það sem kom fram í opnu spurningunum, en svörin eiga misvel við í dag því margt hefur þróast á þeim þremur-fimm árum frá því að þau útskrifuðust. Má þar nefna meira íþróttalíf, fleiri skapandi greinar í vali og sálfræðiþjónustu.


Það besta við dvölinna í ML	Það sem mætti bæta í ML
<ul style="list-style-type: none"> — ML undirbjó mig mjög vel í mannlegum samskiptum og jók sjálfstæði mitt. Verkefni úr ML undirbyggdu mig mjög vel fyrir verkefni í háskólanámi og sé ég að ég er betur í stakk búin að vinna ritgerðir og þess háttar heldur en aðrir. — Auðvelt aðgengi að kennurum fyrir frekari aðstoð. — Félagslífið og skemmtilegir kennarar. — Persónulega kennsla og félagslífið. — Kröfuríkt nám og gott að upplifa heimavistarstemminguna. — Mjög fínt að vera með valáfanga á þriðja ári. — Kennarar góðir og gott utanumhald og svo auðvitað félagslífið og vistin. — Vistin, samnemendur. — Félagslífið; vinirnir á staðnum & ML tímar [opnir tímar í íþróttahúsinu á vegum nemendafélagsins Mímis]. — Vinirnir og sjálfstæði. — Maður lærði að búa með og umgangast aðra. — Félagslífið og samheldni nemenda er engu öðru líkt. ML gaf mér heila fjölskyldu af fólki sem mér þykir vænt um og þykir vænt um mig. Er afar þakklát fyrir það. Trúi því að það sé ekki bara út af bekkjakerfinu, heldur skólaandanum, hefðunum, vistonum, viðhorfi kennara og auðvitað Pálma og Erlu. — Ég fann áhugasvið mitt, náttúruvísindin. Ég lærði að lifa með öðru fólki og að sýna tillitssemi. 	<ul style="list-style-type: none"> — Hafa skólann í 4 ár — Færri próf og fleiri verkefni — Mætti alveg vera með [fleiri] valáfanga á fyrsta ári. — Og möguleika auka fjölbreytileika á valáföngum á öðru og þriðja ári. Fannst vanta áfanga þar sem krakkar gætu leyft listrænum hæfileikum að njóta sín. — Námið er mikilvægt, en það er stundum svo mikið af því að maður hefur engan frítíma fyrir félagslífið eftir skólann, sem er það sem Laugarvatn er þekkt fyrir. Kennarar mættu hafa minna heimanám eða bera saman bækur sínar svo það lendi ekki allt á sömu helginni. — Gæði kennslu, faglegt mat á hæfni kennara til starfa og betri úrvinnslu ef nemendur kvarta. — Einingagjöf fyrir MORFís. — Íþróttalífið. — Það mætti ýta undir mikilvægi þess að heimsækja starfs- og námsráðgjafa. Sálfræðiaðstoð er af skornum skammti, allavega vita ungir og hræddir unglingar oft ekki hvert á að leita. — Fleiri kjötlausa valkosti í mötuneytið. — Halda í hefðir, hef heyrt að búið er að skera á hefðir eins og agareglur gagnvart 4. bekkjar sófanum og þess háttar, það sem það býr til er virðingarleysi. Auðvitað mátti minnka örlítið refsingar, en að taka þær út er mjög skrítið.

5 ára stúdentar

22 nemendur útskrifuðust úr fjögurra ára kerfinu árið 2018, fyrir fimm árum síðan, en 17 svöruðu könnuninni, þ.e. 77% svarhlutfall. 13 einstaklingar sögðust mjög ánægðir með dvölinna í ML, á heildina litið, þrjú frekar ánægð en einn frekar óánægður.




5 ára stúdentar - dvölin í heild




5 ára stúdentar - undirbúningur fyrir frekara nám

3ja ára stúdentar

39 nemendur útskrifuðust 2020, fyrir þremur árum, en 25 svöruðu könnuninni, þ.e. 64% svarhlutfall. 20 einstaklingar sögðust mjög ánægðir með dvölinna í ML, á heildina litið, og fimm frekar ánægðir.



3ja ára stúdentar - dvölin í heild




3ja ára stúdentar – undirbúningur fyrir frekara nám

6. Stofnun ársins – haust 2022

Könnunin „Stofnun ársins“ á vegum Sameykis var lögð fyrir allt starfsfólk ML í nóvember-desember 2022. Fjöldi útsendra lista var 32 en fjöldi svarenda 20; 63% svarhlutfall.

Auðunn Gunnar Auðunsson frá Gallup, kynnti niðurstöðurnar fyrir gæðastjóra og skólameistara á netfundi 22. febrúar. Út frá heildareinkunn var Menntaskólinn að Laugarvatni númer 14 af 57 af ríkisstofnunum með 5-39 starfsmenn.




Heildarmat "Stofnun ársins" 2022

Fimm hæstu einkunnir ML í mælingunni „Stofnun ársins“ sneru að stefnu um jafnrétti kynjanna, áherslu á jafnrétti kynja, tækifæri til starfsframa, óháð kyni, ábyrgðarstöður óháð kyni og að semja vel við samstarfsfólk sitt. Þá voru niðurstöður afar jákvæðar varðandi fleiri þætti, eins og sjálfstæði í starfi, stjórnun og ímynd stofnunarinnar.

Fimm lægstu einkunnir stofnunarinnar sneru að launakjörum, loftgæðum, sumarfríum, fjölbreytni í starfsmannahópnum og hljóðvist. Eftirtektarvert að ánægja með launakjör hafði aukist, sem má ef til vill rekja til innleiðingar jafnlaunakerfisins og aukafjármagnsþrep sem bættist við stofnanasamning kennara. Vinnuskilyrði var það sem helst þótti ástæða til að bregðast við að þessu sinni. Tölvupóstur var sendur á starfsfólk 26. apríl, með kynningu á niðurstöðum könnunarinnar í heild, og beiðni um ábendingar varðandi það hvað væri hægt að bæta varðandi vinnuskilyrðin. Góðar umræður sköpuðust og til varð aðgerðaáætlun um umbætur vegna ólyktar, gardína, ljósa, frístandandi töflu, flæðilínu, air-servera (þráðlausir sendar fyrir skjávarpana) og fyrirlestrarsals. Allt er það í vinnslu og markið hefur verið sett á að mat á vinnuskilyrðum fari úr 4,06 í fyrra horf, upp í 4,37.

Vegna Stofnunar ársins 2021 var ákveðið að grípa til aðgerða til að reyna að minnka streitueinkenni. Fjallað var um streitustigann á skólafundi í september 2022, skólabyrjun var seinkað til 8:30, gerð var samantekt á yfirvinnu og dregið úr henni (ekki síður vegna fjárhagslegrar stöðu skólans) og Aldís Arna frá Heilsuvernd kom með *streituskólann* í vor. Það var því ánægjulegt að sjá starfsfólk meta streitueinkenni sín minni í Stofnun ársins 2022, þar

sem þau fóru úr 3,30 í 3,72 (hærri tala merkir minni streitueinkenni). Yfirvinna hefur minnkað enn frekar á þessu ári og það má vonast til að það hafi jákvæð áhrif á þessu leyti. Á móti kemur að það kann að hafa neikvæð áhrif á fólk sem treysti á hærri tekjur vegna yfirvinnunnar. Það verður spennandi að fylgjast með þróuninni. Það er óskandi að mat á vinnuálagi lækki áfram, en það fór niður á við, úr 47% í 45%.



Þessi streitueinkennakvarði byggir á samantekt á eftirfarandi 4 spurningum, „Kemur það oft eða sjaldan fyrir eftir að vinnudegi lýkur að...“:

- „... þú eigir erfitt með að hætta að hugsa um vinnuna þannig að það hafi neikvæð áhrif á frítíma þinn eða einkalíf?“
- „... þú hafir áhyggjur af því að upp komi vandamál í vinnunni sem þú getur ekki leyst?“
- „... þig langi ekki í vinnuna næsta dag?“
- „... þú sért svo þreytt/ur að þú eigir erfitt með að gera nokkurn skapaðan hlut?“

Athugið að því hærri sem einkunn er því minni eru streitueinkenni.

Í Stofnun ársins er spurt um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi. EKKO niðurstöður eru viðkvæmar og ekki ætlaðar til dreifingar eða kynningar, svo ekki verður fjallað um þær hér. Það má þó nefna að brugðist var við vegna vísbendinga sem þar komu fram. Velliðan alls starfsfólks og góð samskipti eiga að vera forgangsmál í ML. Til stendur að yfirfara viðbragðsáætlanir vegna EKKO-mála sem snúa að starfsfólki.

7. Umbótaáætlun vegna innra mats 2022-2023

Á næstu síðu er umbótaáætlun vegna kannana skólaársins 2022-2023 útlístuð nánar en hér er listi yfir fyrirhugaðar aðgerðir. Eitt stendur út af frá fyrri áætlunum og verður áfram á dagskrá; að setja stefnu í heilsueflingu. Vegna þess að könnunin Ungt fólk var ekki framkvæmd haustið 2022 þá skapast rof í eftirfylgni og aðgerðum varðandi neyslu vímuefna og samskipti, svo dæmi séu nefnd. Við höldum þó áfram að vinna markvisst í þeim málaflokkum og Framhaldsskólaláupsinn mun gefa okkur ný gögn til að vinna með í haust.

Úr fyrir áætlunum – fylgja áfram eftir	Ekki hafið Hafið Lokið	Athugasemdir (sept '23)
Stefna sett í heilsueflingu	Ekki hafið	Frestað vegna veikinda.
Umbótaáætlun vor 2023		
Sérstök umbótaáætlun sett varðandi vinnuskilyrði í samræmi við ábendingar sem leitað var eftir frá starfsfólki.	Hafið	Unnið er eftir áætlun vegna ólyktar, gardína, ljósa, frístandandi töflu, flæðilínu, air-servera og fyrirlestrarsals. Umræða og/eða aðgerðir hafa átt sér stað vegna allra atriða á listanum. Gæðastjóri mun fylgja eftir.
Umræður um mötuneytið í umsjónartímum.	Hafið	Komið í skipulagið fyrir umsjónartímana.
Gátlisti Hef fyrir mötuneyti fylltur út.	Hafið	Gæðastjóri búin að undirstinga við meðlimi í mötuneytisráði.
Stefna sett fyrir mötuneytið.	Hafið	Hildur og Jóna Katrín munu vinna í haust, í samráði við Svein matreiðslumeistara. Gæðastjóri minnir á.
Kostum mötuneytis haldið á lofti.	Hafið	Hildur og Freyja tóku myndir síðasta vetur og hyggjast standa fyrir deilingu á þeim í haust.

Manngildi - Þekking – Atorka

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat; hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Vinnuskilyrði	Sem dæmi: bæta loftgæði, gardínur og lýsingu.	Sérstök umbótaáætlun sett varðandi vinnuskilyrði í samræmi við ábendingar sem leitað var eftir frá starfsfólki.	Fyrstu aðgerðum lokið haust 2023 og öllu lokið fyrir byrjun nýs skólaárs haust 2024.	Skólameistari í samstarfi við húsvörð. Gæðastjóri fylgir eftir/skrásetur.	Niðurstöður stofnunar ársins haust 2023. Umfjöllun í sjálfsmatsskýrslu 2024.	Mat á vinnuskilyrðum fari úr 4,06 í fyrra horf, upp í 4,37.
Mötuneyti	Bæta upplifun nemenda af mötuneytinu.	Umræður um mötuneytið í umsjónartímum. Gátlisti Hef fyrir mötuneyti fylltur út. Stefna sett fyrir mötuneytið. Kostum mötuneytis haldið á lofti.	Haust 2023 Haust 2023 Haust 2023 Haust 2023	Gæðastjóri og umsjónarkennarar Verkefnastjóri heilsueflandi í samráði við jafnréttis- og skólaráðsfulltrúa Skólameistari og skólafulltrúi Gæðastjóri og skólafulltrúi	Fjallað um umbætur í sjálfsmatsskýrslu 2024. Niðurstöður þjónustukönnunar vor 2026. Umfjöllun í sjálfsmatsskýrslu 2026.	Einkunn hækki úr 6,23.